

Nr. 175

5. janúar 2010

## GJALDSKRÁ fyrir kattahald í Húnaþingi vestra.

### 1. gr.

Eigendur katta í Húnaþingi vestra skulu greiða sveitarsjóði skráningargjald sem ætlað er að standa undir kostnaði skv. 2. gr. samþykktar um kattahald í Húnaþingi vestra nr. 172/2000. Innifalið í leyfisgjaldinu er merkispjald auk umsýslugjaldalda sveitarfélagsins.

### 2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.430.

Ef endurnýja þarf merkispjald skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.100.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 10. desember 2009 er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grundvelli samþykktar um kattahald í Húnaþingi vestra nr. 172/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 518/2008.

*Hvammstanga, 5. janúar 2010.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. mars 2010